

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Innviðaráðuneytið**
Dagsetning: **28.04.2023**
Málsnúmer: **IRN22100056**
Bréfalykill: **9.1**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur – dulið lögheimili

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar, þriðjudaginn 25. apríl, var samþykkt með vísan til 51. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska eftir minnisblaði frá innviðaráðuneytinu vegna umsagna sem hafa borist um 895. mál – lögheimili og aðsetur (lögheimilisflutningur). Umsagnarfresti er nú lokið og bárust nefndinni fjórar umsagnir; frá Barna- og fjölskyldustofu, Jafnréttisstofu, Landsamtökunum Þroskahjálp og Stígamótum.

Í umsögn *Barna- og fjölskyldustofu* er áréttað að úrræðið sé mikilvægt en þurfi að vera til bráðabirgða og eingöngu notað þegar slíks gerist þörf til að tryggja öryggi aðila. Telur stofnunin sérstaklega mikilvægt að þegar aðilar eigi barn saman þá sé heimildin ekki nýtt til þess að takmarka eða útiloka umgengni barn við annað foreldri.

Þá kemur fram að ekki komi fram um hvernig mat lögreglustjóra sé að ræða og mikilvægt sé að eingöngu sé um undantekningu að ræða og til staðar sé rökstuddur grunur.

Ákvæðið er undantekningarákvæði

Eins og fram kemur í frumvarpinu þá er heimild til að dylja lögheimili algjört undantekningarákvæði sem kemur því aðeins til skoðunar að viðkomandi sé í hættu og þurfi að fá lögheimili sitt dulið. Ekki er um nýtt ákvæði að ræða í lögum og hefur ákvæði 7. gr. lögheimilislaga nr. 80/2018 virkað ágætlega í framkvæmd þegar einstaklingi stafar hætta af utanaðkomandi þriðja aðila. Mat á hættu og því hvort hún réttlæti það að lögheimili sé dulið er alltaf hjá lögreglu, sbr. 12. gr. reglugerðar um lögheimili og aðsetur nr. 1277/2018. Gildi úrræðið eingöngu á meðan hætta er til staðar og aldrei lengur en í ár í senn.

Mat lögreglustjóra er skilyrði

Í 12. gr. reglugerðar um lögheimili og aðsetur nr. 1277/2018, er nánar kveðið á um skilyrði þess að dulið lögheimili sé veitt en þar er áskilið að einstaklingur sem óskar eftir því að lögheimili hans og fjölskyldu hans sé dulið þurfi að leggja fram staðfestingu frá lögreglustjóra um að hann og fjölskylda hans séu í hættu og alvarleiki hættunnar þarf einnig að koma fram. Lögreglustjóra er því falið það hlutverk að meta hvort einstaklingur sé í raunverulegri hættu og það byggist á heildarmati á aðstæðum hverju sinni og fer aðeins fram að vel ígrunduðu máli. Hefur lögreglan viðtækar heimildir til þess að kanna slíkar ásanir og getur til að mynda kallað eftir öllum viðkomandi gögnum, kallað aðila til skýrslutöku og heimsótt heimili til að kanna aðstæður og meta hvort einstaklingur/ar séu raunverulega í hættu og hver alvarleikinn er.

Í umsögn *Jafnréttisstofu* kemur fram að mikilvægt sé að skilgreina með nánari hætti í hvaða tilvikum sé hægt að bera þetta ákvæði fyrir sig. Hvergi sé tilgreint hvaða skilyrði þurfa að liggja fyrir og því erfitt að meta hvort um raunverulega réttarbót sé að ræða. Þá er velt upp spurningum hvað þurfi til þess að skilyrði sé uppfyllt.

Í hvaða tilvikum kemur til greina að beita úrræðinu

Eins og rakið hefur verið er ekki um nýtt úrræði að ræða í lögum en ákvæði um dulið lögheimili er nú þegar í 7. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 og er komin reynsla á beitingu ákvæðisins. Í öllum þeim tilvikum hefur mat lögreglu legið fyrir á því að viðkomandi sé í hættu. Lögreglan framkvæmir því áhættumat í hverju tilviki og staðfestir eingöngu heimild til að dylja lögheimili að það sé þeirra mat að einstaklingur sé raunverulega í hættu vegna ofsókna og hótana um meiðingar og ber henni að meta alvarleika hættunnar. Mikilvægt er að hafa í huga að lögreglunni hefur verið falið það hlutverk af Alþingi að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna, stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins sbr. 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og býr embættið því yfir gríðarlegri sérþekkingu í ofbeldismálum.

Þá er rétt að benda á að í 18. gr. a. reglugerðar um skráningu einstaklinga nr. 565/2021 er að finna frekari skýringar á því hvernig mat á áhættu fari fram og gildistíma þess en þar kemur skýrt fram að úrræðið gildir eingöngu á meðan hætta varir og aldrei lengur en í ár í senn.

Í umsögn *Landssamtakana Þroskahjálpa* kemur fram stuðningur við frumvarpið og vísað til 16. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk jafn innan heimilis sem utan fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum þar á meðal kynbundum hliðum þess. Er ráðuneytið sammála því mati að frumvarpið feli í sér réttarbót fyrir umræddan hóp og styðji við innleiðingu á 16. gr. samningsins.

Stígamót leggja í umsögn sinni til að frumvarpið verði samþykkt og er m.a. vísað til þess að ofbeldi karla gegn konum sé í flestum tilvikum ofbeldi af hendi nákomins og um heimilisofbeldi að ræða. Frumvarpið feli því í sér réttarbót fyrir brotþola.